



7. fundur framkvæmdaráðs Almannavarna Árnessýslu, haldinn í Björgunarmiðstöðinni á Selfossi þriðjudaginn 10. september 2024 kl 9:00.

Mætt: Bragi Bjarnason formaður, Ásta Stefánsdóttir varaformaður, Pétur G. Markan ritari, Pétur Pétursson framkvæmdastjóri, Lárus Kristinn Guðmundsson og Unna Björg Ögmundsdóttir sem ritaði fundargerð. Gestir fundarins eru Grímur Hergeirsson lögreglustjóri á Suðurlandi og Björn Ingi Jónsson verkefnastjóri.

1. Kynning frá Lögreglustjóranum á Suðurlandi.

Björn Ingi kynnti störf sín sem verkefnastjóri Almannavarna hjá Lögreglunni á Suðurlandi, fór yfir þau verkefni sem hann hefur unnið að undanfarið og hvað er framundan. Fram kom að unnið hefur verið að áætlanagerð í samstarfi við almannavarnadeild ríkislögreglustjóra. Áætlun um stjórnskipulag almannavarna og atviksáætlanir vegna Heklu og hópslysa eru við það að verða tilbúnar og verða lagðar fyrir almannavarnanefndir í umdæmi lögreglustjóra. Einnig var greint frá því að áætlað er að frumvarp til nýrra almannavarnalaga verði lagt fram á þingi í vetur. Rætt var um útvíkkun hættumats fyrir Reykjanes, en Veðurstofan hefur óskað eftir tilnefningum frá Sveitarfélaginu Ölfusi, Hveragerðisbæ, Grímsnes- og Grafningshreppi og Bláskógabyggð í þá vinnu. Rætt var um samstarf lögreglustjóra og sveitarfélaga og samning um sameiginlegan verkefnastjóra og nauðsyn reglulegrar upplýsingagjafar. Stefnt er að kynningu á verkefnum á haustfundi Héraðsnefndar. Umræður.

Fundi slitið kl. 10:15

Undirritunarsíða

Bragi Bjarnason

Ásta Stefánsdóttir

Pétur Georg Markan

Pétur Pétursson

Lárus Kristinn Guðmundsson

Unna Björg Ögmundsdóttir